

Thorsararnir. Auður, völd og örlög (2005)

Bókarhöfundur: Guðmundur Magnússon

Bókarheiti: Thorsararnir. Auður – völd – örlög

Gagnrýnandi: Helgi Skúli Kjartansson

Útgáfa: (AB) Reykjavík 2005, 398 bls., myndir, skrár

STÓRFRÓÐLEG ÆTTARSAGA

Bókin um Thorsarana er ættarsaga, með áherslu á **fjölskyldu-, viðskipta- og stjórnmalasögu** Thors Jensen, sona hans, einkum Ólafs, Richards og Thors, og fjölskyldufyrirtækisins Kveldúlfs. Yngri kynslóðir Thorsara koma einnig við sögu og fjölmargt vensla- og samstarfsfólk fjölskyldunnar. Svo er að skilja að Guðmundur Magnússon, sagnfræðingur (höfundur bóka um Eimskip og Vinnuveitendasambandið) og blaðamaður, hafi ekki byrjað að skrifa þessa miklu bók fyrr en eftir síðustu áramót, og þó samið hana meira eða minna í hjáverkum. Fyrsta spurning til ritdómara hlýtur þá að vera sú hvort verkið sé að sama skapi léttvægt sem það var hratt unnið. En það er öðru nær. Guðmundur gengur skipulega til verks, kannar efni sitt rækilega, og ritar bók sem er ekki einungis fróðleg og læsileg, heldur birtir hún nýja rannsókn á fjölmörgum atriðum, stórum og smáum.

Thors-fjölskyldan er vitaskuld enginn óþægður akur í íslenskri sagnaritun. Minningar ættföðurins, Thors Jensen, sem Valtýr Stefánsson skráði, og ævisaga Ólafs Thors eftir Matthías Johannessen eru báðar viðurkennd grundvallarrit sem Guðmundur nýtir vel, en lætur þó efnismagn þeirra ekki skekkja hlutföllin í sínu eigin verki. Hann sækir líka upplýsingar til mikils fjölda rita, bæði fræðilegra og alþýðlegra, þar sem Thorsararnir og umsvif þeirra koma við sögu; svo og í blöðin, bæði samtímaskrif og minningargreinar. Þá vinnur Guðmundur mikið úr óbirtum heimildum, rituðum og munnlegum. Hann hefur átt opinska viðtöl við nokkra afkomendur Thorsaranna, fengið aðgang að bréfa- og skjalasöfnum þeirra sem erfingjar varðveita (sérstaklega er safn Richards Thors mikil gullnáma sem ekki hefur verið opnuð fyrr), og nýtt sér efni á opinberum söfnum þar sem m.a. eru skjöl Thors Jensen og Kveldúlfs, auk þess sem Guðmundur hefur verið ólátur að staðfesta smáatriði með því að leita í kirkjubókum, skattframtölum og öðru slíku. Sérstök heimildaskrá fylgir ekki bókinni, en skipulega er vísað til heimilda í aftanmálsgreinum. Þar er flest skilmerkilegt, nema erfitt að átta sig á heimild sem heitir „Ýmis einkaskjöl“ eða „Ýmis einkaskjalasöfn“.

Söguefni Guðmundar er geysimikið og þarf að velja og hafna allstranglega til að hemja það í einni bók. Guðmundur gerir það fimlega, lesandann finnur ekki á honum nein vandræði eða valkvíða, og frásögnin rennur greiðlega fram. Vel þekkt atriði, sem Guðmundur hefur ekkert nýtt um að segja, reynir hann – eins og rétt er – að afgreiða í stuttu máli og sem einföldustu. Það á ekki síst við um stjórnmalafæri Ólafs Thors, sem geysimikið hefur verið ritað um. Þar nær Guðmundur að bregða birtu á viss atriði með því að tengja þau fjölskyldu- og viðskiptasögunni og með eftirminnilegum tilvitnunum í einkabréf þeirra Thors-bræðra. Annað fer hann skiljanlega sem hraðast yfir. Svokallað „eiðrofsmál“ (stjórnarslitin 1942) ræðir hann t.d. í 13 línunum (bls. 273), og gerir hlut Ólafs þar öllu betri en ég hefði gert, eða a.m.k. einfaldari (að Ólafi hafi fundist það „sjálfsgagt“ sem mér sýnist frekar að hann hafi talið sig til neyddan í stöðunni). Ég hlýt þó að játa að málið er flókið, ekki hægt að krefjast þess að Guðmundur þræði það út í hörgul, og orkar þá jafnan tvímælis hvernig réttmætt sé að einfalda.

Einfaldanir Guðmundar eru a.m.k. langoftast nákvæmar um staðreyndir. Þar held ég örstutt frásögn hans af deilunum um „vökulögin“ (bls. 180–181) sé helsta undantekningin, bæði ónákvæm í smáatriðum og óljós fyrir þann sem ekki kann söguna fyrir. Annars sá ég ekki efnisskekkjur nema um fullkomin aukaatriði, og þau örfá (að Kveldúlfsbryggjan hafi aðeins verið fyrir uppskipunarbáta, að Guðmundur Vilhjálmsson hafi stofnað skrifstofu Sambandsins í Kaupmannahöfn, og svo er eitthvað bogið við að glæsihús Thors við Fríkirkjuveg hafi haft sjálfrennandi vatni frá vatnstanki í kjallara). Það er vissulega ekki nema lítill hluti af efni bókarinnar sem ég þekki annars staðar frá, en nóg til að álykta að Guðmundur sé mætavel að sér um sögutímann og fari með efni sitt af miklu öryggi. Raunar aðdánlegu öryggi ef svo er sem sýnist að handrit hans hafi ekki verið lagt undir smásmýglislestur neinna þar til kvaddra beturvita. Bókin hefur, eins og reyndar kom fram í fréttum, verið unnin hratt í jólakapphlaupinu, en hún ber þess furðanlega lítil merki. Jafnvel prófarkalestur virðist vera í bærilegu lagi, alger undantekning að sjá prentvillu eins og „387stein“ fyrir „Havstein“, en eitthvað meira um lúmskar ritháttarvillur eins og „Loðinskinni“ fyrir „loðinkinni“. Þá hefur líka náðst að safna til bókarinnar miklu og fjölbreyttu myndefni og vanda til hennar að umbroti og útliti.

Thorsararnir

eru, eins og ég sagði áðan, öðrum þræði fjölskyldusaga, og leggur Guðmundur ágæta rækt við þann þáttinn. Nýtir hann þar ekki síst viðtölin við núlifandi Thorsara. Ættfræðisþurnar, þar sem afkomendur og venslafólk er nefnt til sögu í þéttum fylkingum, eru að vísu þær síður bókarinnar sem mér reyndust þyngstar aflestrar, en þar hafa aðrir annan smekk. Og þetta er fróðlegt efni sem Guðmundur leggur út af, ekki aðeins um ættarfylgjur Thorsaranna, heldur um félagslegri atriði: makaval innan yfirstéttar og gildi góðra vensla fyrir frama manna í embættum og atvinnulífi. Aðalpersónur bókarinnar er lýst af samúð, ótvíræðir mannkostir þeirra fá að njóta sín, en án þess að höfundur verði sakaður um neina blinda aðdán. Hann heldur gjarna til haga loflegum dómum um sögupersónur sínar, en sjálfur lætur hann atburðina lýsa þeim frekar en eigin fullyrðingar, og þá bæði til lofs og lasts. Hann dregur líka fram viðkvæm mál sem fjölskyldan var ekki von að bera á borg. Sjálfsvíg nefnir hann ekki berum orðum, en nógu skýrt þó, hjákonuhaldi er lýst í einu tilviki og áfengisvandamálum í nokkrum. Þetta er vandmeðfarið, en vel gert: kurteislegt en feimnislaust, og öll slúðurgleði blessunarlega fjarri. Í viðskiptasögunni eru líka dregin fram viðkvæm mál, jafnvel fjölskylduleyndarmál. Þarna er í stórum stíl farið framhjá reglum um innflutning og gjaldeyri, og leynir sér ekki að slíkt var alsíða hjá þeim sem bolmagn höfðu til, ekki síst á stríðsárunum. Ein uppljóstrunin varðar leynilegan eignarhlut Richards Thors í erlendum fisksöluvyrirkækjum sem hann átti viðskipti við fyrir hönd íslenskra fiskútflytjenda. Þetta rekur Guðmundur nokkuð (bls. 242 o.áfr.) og ræðir aftur að bókarlokum (bls. 350). Telur hann það „nokkur tíðindi“ en afsakar með samanburði við aðra tíðkanlega viðskiptahætti, t.d. erlend umboðslaun eða þóknun sem „var ekki óalgengt“ að leggja á erlenda reikninga „og aldrei talin fram til skatts. Þetta var hefð sem Richard tók í arf frá eldri kynslóðum íslenskra kaupþýslumanna ...“ Þetta stenst nú ekki alveg eins og það er sagt. Richard Thors var orðinn umsvifamaður í íslenskrum útflytningaverslun ekki síðar en 1916, áður en íslensk fyrirtæki fóru að telja tekjur sínar fram til skatts í neinum smáatriðum, og löngu áður en hömlur voru lagðar á gjaldeyriseign manna og meðferð erlendra tekna. Það var hans eigin kynslóð sem mótaði hið mikla laumuspil íslenskra utanríkisviðskipta. Sem kannski var bæði skiljanlegt og óumflýjanlegt, og hlutur Richards væntanlega ekki verri en margra annarra, en ábyrgð þeirra verður ekki í neinum aðalatriðum velt yfir á fortíðina.

Þessi fáu orð eru kannski eina verulega víxlsporið sem Guðmundur stígur söguhetjum sínum til varnar. Í öðru dæmi má segja að hann fegri hlut þeirra með þögninni, en það er lýsingin á endalokum Kveldúlfs og viðskilnaði hans við Landsbankann. Guðmundur fer þó í engar felur með það að pólitísk sjónarmið hafi tryggt Kveldúlfi öldungis óeðlilegt langlundargeð bankans, sem frá 1950 til 1970 hélt félaginu á floti með lánum þótt minnkandi rekstur stæði á bakvið vaxandi skuldir. Síðan yfirtók Landsbankinn eignir Kveldúlfs og skuldir og gerði upp með þeim hætti að félagið varð, eins og Guðmundur slær upp í fyrisögn: „EKKI BAGGI Á LANDSBANKANUM“, heldur skilaði honum þvert á móti nokkrum afgangi. Á þeirri sögu eru að vísu tveir lausir endar. Annar varðar vexti af skuldunum. Greint er frá efasemdum um það hjá bankanum hvað eigi að hafa „í huga í sambandi við ákvörðun um útreikning vaxtaskulda“ (bls. 333), en ekkert sagt um niðurstöðu, þ.e. hvort skuldir Kveldúlfs voru að einhverju leyti vaxtafrystar, sem hefði þá vissulega verið baggi á bankanum. Ekki er heldur greint frá því hvort andvirði húseigna Richards og Ólafs Thors, sem bankinn tók til sín upp í ábyrgð þótt lögræðingi hans, bankastjórum og flestum bankaráðsmönnum virtist það óþarft, var skilað til erfingja, eða hvort þeirra reyndist þrátt fyrir allt þörf til að jafna reikningana. Og svo í þriðja lagi það sem mestu munar í tölum talið: Ekki er einu orði minnst á verðbólgu eða neikvæða raunvexti. Á hnignunarskeiði Kveldúlfs, og enn frekar á þeim árum sem uppgjörið tók, át verðbólgan upp skuldir íslenskra fyrirtækja. Neikvæðir raunvextir voru hluti af starfskjörum atvinnulífsins. Að fá að skulda mikið út á lítinn rekstur, það var peninga virði. Akkúrat þeir peningar höfðu staðið undir hallarekstri Kveldúlfs. Kannski ekki baggi á Landsbankanum, en þá á þeim öðrum sem lánsfjárins áttu að njóta hefði það ekki verið bundið í því pólitíska slysi sem Kveldúlfur var orðinn.

Þótt þögn Guðmundar um þetta fegri að vísu hlut Kveldúlfs og eigenda hans, þá veldur því víst engin hlutdrægni af hans hálfu, heldur sú vinnuregla hans að fara hvergi langt út í tölur eða reikninga. Hann notar tölulegar heimildir, hefur meira að segja varið tíma í að rýna í bókhaldsuppgjör Kveldúlfs frá kreppuárunum. Og hann slær fram tölulegum upplýsingum í einstökum vel völdum dæmum. En leggur það hvergi á lesendur sína að fylgjast með tölulegum röksemdafærslum. (Enda eru þeir lesendur sjálfsgagt margir sem þætti slíkt efni harðara undir tönn en mér reyndist ættfræðifróðleikurinn.) Yfirleitt fer Guðmundur fimlega með þessa takmörkun efnisins, eins og aðrar, og nær að rekja sögu sína skilmerkilega án þess að hún kalli tilfínanlega á meiri talnapælingar. Efni, sem ekki er hægt að fjalla um á annan hátt, leiðir hann einfaldlega hjá sér. Þess sér stað í innskotskafla (bls. 126–127) sem heitir „ÞÖGN UM MILLJÓNARFÉLAGIÐ“. Þar er því lýst hve mjög fléttuðust saman ættir frá þeim Thor Jensen og Pétri J. Thorsteinsson (áður á Bíldudal), sem báðir gengu með fjölþættan atvinnurekstur sinn inn í Milljónarfélagið svonefnda. Þess vegna voru, segir Guðmundur, „málefni Milljónarfélagins

... látin liggja á milli hluta í fjölskylduboðum“. Hér grillir í gamlan vafa um það hvort þeir Thor og Pétur hafi notið sambærilegra kjara þegar eignir þeirra voru metnar inn í Milljónarfélagið og þegar þeir skildu við það hvor á sinn hátt. Þetta hefur Ásgeir Jakobsson rakið frá sjónarhóli Péturs í ævisögu hans. Þá bók þekkir Guðmundur og notar, en álitamálið er ekki hægt að ræða nema á tölulegum grunni og því lætur hann það liggja á milli hluta – nema sem djúpa þögn í fjölskylduboðum.

Ég hef freistast til að ræða um **Thorsarabók** Guðmundar Magnússonar í öllu lengra máli en mér var ætlað, því að mér þykir hún merkileg og mjög umræðuverð. Ég hef farið allmörgum orðum um það fáa sem mér þykir athugasvert, því að þar þykist ég hafa nokkru við að bæta, en látið styttri fullyrðingar duga um það marga sem mér fellur vel, því að þar stendur bókin sjálf fyrir sínu. Er þó hið síðara aðalatriðið; það vona ég lesendum mínum hafi ekki dulist.